

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 210/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Gunnari Utley

(Sigurður Georgsson hrl.).

Líkamsárás. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1991. Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu ákærða og greiðslu bóta og sakarkostnaðar, en refsing þyngd.

Dómkröfur ákærða eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds í ákæru frá 17. maí 1990, en til vara, að hann hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa. Varðandi ákæru frá 15. október 1990 krefst ákærði þess, að hann hljóti vægustu refsingu, er lög framast leyfa. Loks er af hálfu ákærða krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Eins og gögnum málsins er háttað, verður að fallast á það með héraðsdómara, að það sé nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og honum er gefið að sök í ákæru frá 17. maí 1990. Ber þar meðal annars að hafa í huga greinargóðan framburð vitnisins Sigurðar Páls Sigurðssonar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara varðandi ákæru frá 15. október 1990 um brot ákærða gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fram í Hæstarétti. Með vísun til þess ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Með framangreindum athugasemdum og með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða ákveðst sex mánaða fangelsi.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurbjörn Gunnar Utley, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu bóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1991.

Ár 1991, föstudaginn 5. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 185/1991: Ákærvaldið gegn Sigurbirni Gunnari Utley, sem dómtekið var 21. mars 1991.

Málið er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. maí 1990, á hendur ákærða, Sigurbirni Gunnari Utley, Hamrabergi 16 í Reykjavík, fæddum 25. júlí 1964, fnr. 367, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. ágúst 1989 á „Hallærisplani“ á mótum Aðal- og Austurstrætis í Reykjavík slegið Magnús Valberg Óskars-son, fæddan 13. desember 1967, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að þrjár framtennur í efri kjálka brotnuðu, og varð að fjarlægja eina þeirra.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Þá er málið í öðru lagi höfðað á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 15. október 1990, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 26. janúar 1990 stolið sjónvarpstæki, myndbandstæki og ritvél í íbúð í Gaukshólum 2, Reykjavík“.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

I.

Fimmtudaginn 24. ágúst 1989 kom Magnús Valberg Óskarsson, kt. 131267-2909, til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði yfir því, að ráðist hefði verið á sig á svonefndu „Hallærisplani“ í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt laugardagsins 19. ágúst 1989 og hann sleginn í andlitið. Hefur hann skýrt frá því, að hann hafi gefið sig að stúlku þarna á planinu, en er hún hefði farið inn í bifreið, sem þarna stóð, hefði hann gengið að bifreiðinni. Hefði þá komið þar piltur að og gert sig líklegan til þess að stjaka sér frá. Kveðst Magnús Valberg hafa snúið sér að piltinum og ýtt honum frá sér. Hafi það engum togum skipt, að annar piltur, sem þarna var kominn, hafi slegið sig hnefahögg á munninn. Brotnaði hægri miðframtönn í efra gómi í Magnúsi Valberg, hluti af krónu vinstri miðframtannar brotnaði, og glerungur brotnaði úr vinstri hliðarframtönn. Magnús Valberg hefur ekki getað borið kennsl á árásarmanninn.

Sigurður Páll Sigurðsson, kunningi Magnúsar Valbergs, kveðst hafa séð, þegar Magnús Valberg var sleginn, og hafi það verið eftir hnippingar við pilt út af stúlku. Hafi pilturinn þá gengið til kunningja sinna þarna skammt frá og kvartað undan Magnúsi. Hafi einn piltur tekið sig út úr kunningjahópnum, gengið að Magnúsi og slegið hann krepptum hnefa í andlitið. Sigurður Páll hefur borið kennsl á ákærða við sakbendingu og sagt hann vera þann, sem slegið hafi Magnús Valberg.

Vitnið Erlendur Einarsson hefur kannast við að vera sá, sem lenti í hnippingum við Magnús Valberg út af stúlkunni. Hann hafi gengið frá eftir þær og viti ekki, hvað gerst hafi eftir það. Hann hafi aftur á móti frétt það seinna hjá einhverjum, að ákærði, sem hafi verið þarna á planinu, hafi slegið piltinn og brotið í honum tennur.

Vitnið Ásgeir Ásgeirsson hefur gefið svofelldar skýrslur í málinu hjá rannsóknarlögreglu: Skýrsla 24. október 1990 frá kl. 20.30 til 20.53.

„Aðspurtt kveðst vitnið muna eftir að hafa verið statt á „Hallærisplaninu“, þegar einhver átök áttu sér stað. Kveðst vitnið hafa farið í bæinn með kunningjum sínum, þeim Erlendi Einarssyni og Sigurbirni Utley.

Þeir hafi séð, hvar einhver átök áttu sér stað milli tveggja manna, og kveðst mætti þar þekkja annan aðilann, Magnús Óskarsson. Segir hann, að Erlendur hafi farið að skipta sér af átökum þessum og stjakaði þá Magnúsi í burtu. Aðspurður um, hvernig Erlendur hafi stjakað við Magnúsi, segir hann, að hann telji, að Erlendur hafi ýtt framan á bringuna á Magnúsi.

Þá segir mætti, að það hafi gerst, að Sigurbjörn Utley fór að skipta sér af átökunum, og kveðst hann hafa séð, er Sigurbjörn kýldi Magnús í andlitið. Við höggið, segir mætti, að Magnús hafi orðið blóðugur í andlitinu.

Hann kveðst fullyrða, að Erlendur hafi séð, hvað gerðist, vegna þess að hann stóð þar við hliðina.

Mætta er kynnt, hvað Erlendur ber í skýrslu sinni, dags. 5.9. 1989, um það atriði, þ.e., að hann hafi gengið í burtu frá Magnúsi, en síðar frétt, að Sigurbjörn Utley hefði slegið Magnús.

Mætti segir, að Erlendur hafi gjörla séð, hvað gerðist, þar sem þeir stóðu báðir í sömu fjarlægð frá Magnúsi, er Sigurbjörn sló hann með þessum afleiðingum.

Hann er spurður að því, hvort þeir Erlendur hafi rætt þetta atvik sín á milli, eftir að það hafði átt sér stað. Hann kveðst ekki muna það.

Aðspurður kveðst mætti hafa á þessum tíma umgengist Sigurbjörn Utley og hafa vitað á honum deili.“

Skýrsla 5. nóvember 1990 kl. 15.07 til 15.40, sem vitnið gaf sjálfstætt og að eigin frumkvæði.

„Ég veit ekkert um þetta mál, sem ég var yfirheyrður um 24.10. sl., ég var bara að bulla og skýrði ekki rétt frá.“

Sp.: Hvers vegna skýrðir þú rangt frá um daginn við yfirheyrslu?

Sv.: „Bara, ég veit það ekki.“

Sp.: Varst þú þá ekki í bænum umrætt sinn með þeim, sem þú nafngreindir í skýrslu þinni 24.10. sl.?

Sv.: „Jú, jú, ég var í bænum, en ekki með þessum mönnum.“

Sp.: Í skýrslu þinni 24.10. lýsir þú á nákvæman hátt átökum, sem þú sagðist þá hafa orðið vitni að. Áttu þessi átök sér ekki stað?

Sv.: „Nei.“

Sp.: Hver er skýringin á þessum ranga framburði?

Sv.: „Bara, ég ætla ekki að fá Sibba brjálaðan á eftir mér.“

Sp.: Er ástæðan fyrir því, að þú ert nú að breyta framburði þínum, sú að koma í veg fyrir, að þú fái Sibba brjálaðan á eftir þér?

Sv.: „Já, já, þetta er bara rugl, að Sibbi hafi gert þetta.“

Sp.: Eftir að þú gafst þína skýrslu hér um daginn, hefur þú þá rætt við Sigurbjörn, sem þú kallar Sibba og er kærður í málinu?

Sv.: „Nei, nei.“

Þegar vitnið kom fyrir dóm, sagðist það hafa verið statt í miðbænum, þegar atburðir málsins urðu, en ekki á planinu. Hafi það því ekki séð, þegar Magnús Valberg var sleginn. Var það rækilega brýnt á vitnaábyrgðinni og spurt, af hverju það hefði skýrt frá í fyrstu skýrslu sinni eins og það gerði, og kvaðst það ekki vita það. Það hefði verið allsgáð, þegar það gerði það, en þunnt af drykkju daginn áður.

Eiríkur Hreinn Helgason rannsóknarlögreglumadur, sem tók skýrsluna af vitninu, hefur skýrt frá því, að erfitt hafi verið að fá Ásgeir til yfirheyrslu í fyrra sinnið, en þegar það hafi loks tekist, hafi Ásgeir gefið afdráttarlausa

skýrslu, og minnir vitnið, að hann hafi skýrt frá af sjálfsdáðum, enda hafi skýrslugerðin tekið stutta stund, eins og sjáist á skýrslunni. Í síðara skiptið hafi Ásgeir komið að eigin frumkvæði. Þeir Ásgeir hafi eitthvað spjallað saman, áður en hin eiginlega skýrslugerð hófst, og segist það þá hafa fengið það sterklega á tilfinninguna, að Ásgeir ætlaði að gefa ranga skýrslu. Segir vitnið, að það hafi skrifað orðrétt eftir honum, enda hafi því virst Ásgeir vera mjög ótrúverðugur í frásögn sinni. Hafi það skilið Ásgeir þannig, að hann væri einungis að breyta skýrslu sinni til að þóknast ákærða.

Önnur vitni eru ekki tiltæk.

Ákærði hefur neitað því að hafa slegið Magnús Valberg Óskarsson. Hann kannast þó við að hafa verið þarna á planinu þessa nótt. Kveðst hann hafa setið inni í bifreið og hafa orðið var við það, að ryskingar urðu rétt við bílinn. Hann hafi stigið út og séð einn eða tvo piltar vera blóðuga í framan. Hafi ryskingarnar verið á milli piltar úr Mosfellssveit og Breiðholti. Kveðst ákærði kannast við piltana úr Breiðholtinu, og muni einn þeirra hafa átt upptök að ryskingunum, og heiti sá Hermann. Viti hann ekki nánari deili á honum. Þá kveður ákærði pilt að nafni Erlend Einarsson hafa komið þarna við sögu. Segir ákærði, að sér hafi skilist seinna á unglingum, sem þarna voru, að Erlendur þessi hafi slegið Mosfellinginn, en hann kunni ekki að nafngreina vitni að því.

Niðurstaða.

Ákærði hefur frá upphafi neitað að hafa slegið Magnús Valberg Óskarsson. Aftur á móti hefur vitnið Sigurður Páll Sigurðsson borið kennsl á hann sem árásarmanninn. Þá hefur Ásgeir Ásgeirsson gefið greinargóða og trúverðuga skýrslu hjá rannsóknarlögreglu um það, að ákærði hafi slegið Magnús í andlitið, svo að blæddi úr. Ásgeir hefur svo dregið þessa skýrslu sína til baka og ekki gefið aðra viðhlítandi skýringu á því en að hann óttaðist reiði ákærða. Að þessu athuguðu þykir vera sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi slegið Magnús Valberg í andlitið með þeim afleiðingum, sem greinir hér að framan. Hefur hann með þessu brotið gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Örn Höskuldsson hrl. hefur gert svofellda fébótakröfu á hendur ákærða, dagsetta 9. nóvember 1990:

„Hér með leyfi ég mér f.h. Magnúsar V. Óskarssonar, Hlíðarási 8, Mosfellsbæ, að gera eftirfarandi skaðabótakröfu á hendur Sigurbirni G. Utley, en umbjóðandi minn varð fyrir líkamsárás af hálfu Sigurbjarnar þann 19. ágúst 1989.

Krafan er svohljóðandi:

Tannviðgerðir	kr.	115.525
Dráttarvextir	kr.	23.831
Miskabætur	kr.	100.000
		<hr/>
	Kr.	239.356

Þess er krafist, að dæmd bótafjárhæð beri dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni, sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. 14. gr. s.l. frá 9.11. 1990 til greiðsludags.

Miskabótakröfuna rökstyð ég með því, að um sársaukafullar afleiðingar árásarinnar var að ræða. Auk þess varð umbjóðandi minn að gangast undir aðgerðir á tönnum, og verður hann að búa við það, sem eftir er ævinnar, að hafa gervitönn í stað sinnar eigin. Er öruggt, að hann mun þurfa að láta skipta um tönn þessa a.m.k. tvisvar á ævinni.“

Fjártjón er stutt reikningi, og miskabótakröfunni er í hóf stillt. Ber þannig að dæma ákærða til þess að greiða Magnúsi Valberg 215.525 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. ágúst 1989 að telja til greiðsludags.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ásamt öðrum farið inn í íbúð í Gauks-hólum 2 og stolið þar sjónvarpstæki, myndbandstæki og ritvél. Hefur ákærði með þessu orðið brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Kjartan Margeirsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 35.000 krónur í bætur fyrir ritvél og skemmdir á sjónvarpi og hurð. Krafa þessi er ekki studd neinum gögnum, en ákærði hefur samþykkt að greiða Kjartani 20.000 krónur. Ber að dæma hann til þess að greiða honum þá fjárhæð.

Refsing og sakarkostnaður.

Ákærði hefur til þessa hlotið sautján refsisdóma fyrir hegningarlagabrot. Auk þess hefur hann verið sektaður nokkrum sinnum. Refsing hans verður hegningarauki við tvo fangelsisdóma, 30 og 45 daga. Ákærði er síbrotamaður, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda sins, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlög-manns, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurbjörn Gunnar Utley, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði greiði Magnúsi Valberg Óskarssyni 215.525 krónur ásamt

dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. ágúst 1989 að telja til greiðsludags.

Ákærði greiði Kjartani Margeirssyni 20.000 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.